

skipum, af hvaða stærð sem er, og skipstjóráskirteini á samskonar skipum eftir að hann hefir fullnægt ákvæðum laga nr. 104 23. júní 1936, um atvinnu við siglingar. Skulu próf hans við sjóliðsforingjaskólann í Kaupmannahöfn jafngilda íslenskum prófum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um heimild handa atvinnumálaráðherra til að veita Pan American Airways Company leyfi til loftferða á Íslandi o. fl.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra skal vera heimilt að veita Pan American Airways Company, Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, sem í lögum þessum nefnist leyfishafi, leyfi til að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa, svo og innanlands, til flutninga á mönnum, pósti og varningi fyrir borgun, hvort heldur er með loftförum, sem leyfishafi á, eða hefir til afnota. Verði öðru félagi, einstaklingi eða stofnun veitt einkaleyfi til flutninga á mönnum, pósti eða varningi innanlands, fellur niður réttur leyfishafa til þess samtímis.

2. gr.

Í leyfinu skal ákveða, að leyfishafa skuli heimilt hér á landi:

1. Að gera landingarstaði fyrir loftför, einn eða fleiri, og að hann þurfi eigi að hlíta því, að aðrir noti þá. Þó skulu landingarstaðir þessir vera frjálzir til afnota fyrir innlend flugfélög og flugvélar ríkisins gegn þóknun, sem ráðherra ákveður hámark á, ef eigi semst um hana.
2. Að öðlast notkunarrétt eða, að fengnu samþykki atvinnumálaráðherra í hvert sinn, eignarrétt yfir landi undir landingarstaði, hús, bryggjur, vegi eða önnur mannvirki, er nauðsynleg kunna að vera vegna atvinnurekstrar hans.
3. Að setja á stofn og starfrækja stöðvar fyrir þráðlaust firðtal eða firðritun, enda sé fjöldi, gerð, afl og bylgjulengd stöðvanna samþykkt af atvinnumálaráðherra. Á stöðvum þessum má leyfishafi þó aðeins taka á móti eða senda skeyti (þar

18
13. júní

með taldar veðurfregnir), sem varða flug flugvéla hans á flugleiðinni um Ísland, nema leyfi póst- og símamálastjóra komi til í hvert skipti.

3. gr.

Atvinnumálaráðherra skal heimilt að láta fram fara lögnám á landi og nauðsynlegum réttindum yfir því, eftir beiðni leyfishafa, til þess að hann geti komið fyrirætlunum sínum í framkvæmd samkvæmt lögum þessum.

4. gr.

Loffför þau, er leyfishafi hefir til afnota, mega hafa og starfrækja áhöld til þráðlausrar firðritunar eða firðtals, og gilda um þessar loftskyeystastöðvar samskonar ákvæði og fram eru tekin í 3. lið 2. gr. fyrir stöðvarnar í landi.

5. gr.

Starfræksla loftskyeystastöðvanna eftir 2. og 4. gr. skal að öðru leyti á hverjum tíma háð alþjóðafyrirmælum þeim, er íslenska stjórnin hefir undirritað, svo og lögum, reglugerðum og eftirliti ríkisstjórnarinnar um, að settum fyrirmælum sé fylgt.

6. gr.

Leyfishafi skal vera undanþeginn tekju- og eignarskatti til ríkissjóðs og útsvari til sveitar. Ennfremur skal hann laus við að greiða innflutningsgjöld af efni og tækjum til flugstöðvanna fyrstu 6 ár leyfistímans. Í stað framantalinna gjalda skal hann greiða árlega 5% af brúttó fargjöldum og flutningsgjöldum, sem hann tekur við hérlendis fyrir flutninga til ákvörðunarstaðar innanlands eða utan.

Hundraðsgjaldi af fargjöldum og flutningsgjöldum eftir þessari grein skal skipt eftir ákvörðun atvinnumálaráðherra milli ríkissjóðs og sveitarfélaga þeirra, er leyfishafi hefir flugstöðvar í. Leyfishafi skal árlega fyrir 1. marz senda atvinnumálaráðherra skýrslu um fargjöld og flutningsgjöld, er hann hefir tekið hér á landi undanfarið ár. Skal skýrsla þessi gefin að viðlagðri þeirri ábyrgð, sem íslenskir gjaldþegar seta fyrir ranga eða ófullnægjandi skýrslugjöf til skattanefnda.

Hundraðsgjald það, sem grein þessi ákveður, skal óbreytt standa fyrstu 10 ár leyfistímans, og má þá breyta því með lögum, og síðan á 5 ára fresti, meðan leyfið er í gildi. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum íslenskra laga um skattgreiðslur og gjalda til ríkis og héraða.

7. gr.

Leyfið skal gilda í 50 ár frá dagsetningu þess að telja.

8. gr.

Ákveða skal í leyfinu, að fyrstu 15 árin af leyfistímanum skuli engum einstaklingi, sem á ríkisfesti í Bandaríkjunum í Norður-Ameríku, og engu félagi eða stofnun, sem stofnsett er samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna, öðrum en leyfishafa, heimilt að halda uppi loftferðum milli Íslands og annara landa til flutninga á mönnum, pósti eða varningi fyrir borgun.

9. gr.

Leyfishafa skal vera heimilt að framselja rétt sinn samkvæmt leyfinu, að nokkru eða öllu leyti, félögum, er stofnsett eru samkvæmt lögum einhvers af fylkjum Bandaríkjanna eða Canada, enda sé leyfishafi meðeigandi eða hluttakandi í því félagi.

Að loknum leyfistíma, eða ef leyfishafi eða sá, sem löglega er kominn í hans stað, hættir starfrækslu, er ríkissjóði Íslands áskilinn forkaupsréttur að öllum lóð-

arréttindum og mannvirkjum leyfishafa hér á landi, eftir mati, sem framkvæmt skal samkv. þágildandi lögum um framkvæmd eignarnáms.

18
13. júní

10. gr.

Í málum út af leyfi þessu eða út af atvinnurekstri leyfishafa hér á landi skal leyfishafi hafa varnarþing á Íslandi og hlíta íslenskum lögum. Leyfishafi skal hafa umboðsmann búsettan hér á landi, er birta megi stefnu og svari til saka fyrir dómi í þessum málum gegn leyfishafa.

11. gr.

Ákveða skal í leyfisbréfinu, að réttur leyfishafa samkvæmt því skuli falla niður, ef ekki verður haldið uppi flugferðum sem hér segir:

- a. Á árinu 1937 skal byrja tilraunaflug frá Íslandi til Evrópu. Þó skal atvinnu-
málaráðherra heimilt að undanþiggja leyfishafa þessu flugi að einhverju eða
öllu leyti, enda geri þá leyfishafi grein fyrir nauðsyn slíkrar undanþágu, er
ráðherra telur fullnægjandi.
- b. Á árinu 1938 skal halda uppi flugferðum að minnsta kosti tvisvar á mánuði
fram og aftur milli Íslands og Evrópu um sumartímenn, ekki skemur en 2½
mánuð.
- c. Á árinu 1939 skal halda uppi að minnsta kosti fjórum flugferðum á mánuði
fram og aftur milli Íslands og Evrópu, að minnsta kosti jafnlengi og 1938.
- d. Á árunum 1940 og 1941 skal að minnsta kosti halda uppi Evrópuferðum eins
og árið 1939, en auk þess skal hefja tilraunaflug til Ameríku.
- e. Á árinu 1942 skal komið á föstum flugferðum um Ísland milli Ameríku og
Evrópu, og verði þessu flugi síðan haldið áfram. Svo er og réttur leyfishafa
niður fallinn, ef skilyrði leyfisbréfsins verða eigi haldin að öðru leyti.

12. gr.

Félagið skal háð ákvæðum íslenskra laga um eftirlit með loftferðum, þar á
meðal öryggisákvæðum, er sett eru eða sett verða vegna ófriðar eða ófriðarhættu.

13. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.